

Skaftárhreppur
Ólafur E. Júlíusson
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík, 12. maí 2022

Tilvísun: 202001103 / 3.1

Efni: Tillaga að Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2019-2031

Skaftárhreppur hefur, með erindi dags. 28. apríl 2022, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2019-2031 samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn 23. febrúar 2022.

Skipulagstillagan kom fyrst til athugunar hjá Skipulagsstofnun í mars sl. og taldi stofnunin tillöguna ekki tilbúna til auglýsingar, sbr. bréf dags. 30. mars 2022. Sveitarstjórn fór yfir athugasemdirnar og samþykkti tillöguna til auglýsingar á nýjan leik á fundi sínum þann 27. apríl 2022.

Skipulagstillagan er sett fram á þremur sveitarfélagsuppdráttum í mkv. 1:50.000, á einum sveitarfélagsuppdrætti í mkv. 1:100.000, á þéttbýlisuppdrætti fyrir Kirkjubæjarklaustur í mkv. 1:5.000 og í greinargerð. Öll skipulagsgögn eru dags. 25. apríl 2022.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á eftirfarandi atriði sem bregðast þarf við í tillögunni. Að einhverju leyti er um að ræða ítrekun á athugasemdum og ábendingum sem fram komu í fyrri athugun stofnunarinnar. Þar sem vísað er í blaðsíðutal er átt við greinargerð sem send var stofnuninni með tölvupósti þann 4. maí 2022.

Landbúnaðarsvæði og flokkun landbúnaðarlands

Í töflu í kafla 5.1.1 um uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum eru skilgreindar uppbyggingarheimildir eftir mismunandi stærð lands. Stefnu um heimildir til uppskiptingar og uppbyggingar á landbúnaðarlandi þarf að setja í samhengi við niðurstöðu flokkunar landbúnaðarlands þannig að fram komi í skipulagsákvæðum í töflu á bls. 67-68 yfir landnotkunarreit á landbúnaðarsvæðum (L1-L4) hvaða svigrúm sé til landskipta og uppbyggingar á hverjum landnotkunarreit. T.a.m. kemur fram í töflunni að óheimilt sé að rjúfa samfellu á góðu landbúnaðarlandi (L1) með mannvirkjum eða samfelldri skógrækt en ekki er fjallað um landskipti í því samhengi. Þá kemur fram í kafla 5.1.5 að við landskipti skuli tekið tillit til verndarsvæða og samfellds góðs landbúnaðarlands í flokki I og II. Sömuleiðis þarf að vera skýrt á hvaða landbúnaðarsvæðum (L1-L4) heimilt verði að vera með landeldi.

Fram kemur á bls. 66 að við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum skuli þess gætt að framkvæmdir, aðrar en skógrækt, verði ekki staðsettar nær takmarkandi þáttum en tilgreint er í töflu. Gera þarf grein fyrir því hvaða töflu er átt við.

Niðurstöðu flokkunar landbúnaðarlands, sem unnin hefur verið í samræmi við leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands m.t.t. hæfni til ræktunar útg. í mars 2021, þarf að skila á stafrænu formi í sér skrá samhliða stafrænum og útprentuðum aðalskipulagsgögnum til staðfestingar sbr. einnig það sem fram kemur í kafla 4.4 í leiðbeiningunum. Skipulagsstofnun bendir jafnframt á að

árfarvegur og áraurar Kúðaflióts falla í flokk I samkvæmt niðurstöðu flokkunarinnar en samkvæmt leiðbeiningunum ber að undanskilja það land sem ekki kemur til álita til ræktunar af náttúrufarslegum ástæðum þ.á.m. ár og vötn.

Iðnaðarsvæði

Ítrekað er að setja þarf skýrari skipulagsákvæði varðandi umfang uppbyggingar og starfsemi áformaðrar fiskfóðursverksmiðju innan iðnaðarsvæðis I8 við Skálarvirkjun meðal annars m.t.t. mengunarhættu fyrir lindarsvæði og læki í Eldhrauni.

Í skipulagsákvæðum fyrir Skálarvirkjun og Hnútuvírkjun þarf að gera grein fyrir tengingu þeirra við meginflutningskerfi raforku. Stofnkerfi raforku þarf að sýna á skipulagsuppdráttum, þ.e. flutningskerfi 66 kV eða stærri, frá upptökum að dreifikerfi, sbr. gr. 4.3.1 í skipulagsreglugerð.

Ný frístundabyggð F7

Ítrekuð er fyrri ábending stofnunarinnar varðandi frístundabyggð F7 í landi Hemrumarkar þess efnis að þar sem verið er að taka landbúnaðarsvæði úr landbúnaðarlotum þarf í umhverfismatsskýrslu að taka afstöðu til ákvæða 5. gr. jarðalaga, a- og b-liður. Jafnframt þarf að skýra nánar stefnu um að skilgreina jafn rúmt svæði fyrir frístundabyggðina og raun ber vitni. Fyrir liggur að landið er í flokki II samkvæmt niðurstöðu flokkunar landbúnaðarlands þ.e. ágætt akuryrkjuland en samkvæmt ákvæðum skipulagstillögunnar skal forðast að raska samfellu í góðu ræktunarlandi með mannvirkjagerð. Afmörkun frístundasvæðis F7 hefur verið breytt og yfirfara þarf hvort stærð svæðisins hafi breyst samhlíða.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði á hálendinu

Gera þarf grein fyrir því hvernig ferðabjónustusvæði á hálendinu falla að flokkun ferðabjónustusvæða samkvæmt Landsskipulagsstefnu 2015-2026 þ.e. í jaðarmiðstöð, hálendismiðstöð, skálasvæði eða fjallasel. Þá er átt við að tilgreina hvaða afþreyingar- og ferðabjónustusvæði falla undir skilgreiningu fjallaselja skv. landsskipulagsstefnu og hvaða svæði falla undir skálasvæði svo dæmi séu tekin. Þar sem vikið er frá flokkun landsskipulagsstefnu þarf að skýra frá því og horfa til þess hvort eðli uppbyggingar og þjónustu á viðkomandi svæði geti fallið undir skilgreiningu viðkomandi þjónustusvæðis t.d. eru fjallasel í takmörkuðu vegasambandi og hæfileg dagleið göngufólks sé á milli þeirra.

Aðeins hluti afþreyingar- og ferðamannasvæða á hálendinu eru sýnd á skipulagsuppdráttum.

Ný stofngata á Kirkjubæjarklaustri

Á þéttbýlisuppdrætti fyrir Kirkjubæjarklaustur má sjá að gert er ráð fyrir nýrri stofngötu meðfram Skaftá, neðan við svæði ÍB9. Gera þarf nánari grein fyrir stefnu um nýjan veg á þessu svæði í greinargerð. Í umhverfismatsskýrslu er tilefni til að bera saman mismunandi valkosti sem til greina koma varðandi framtíðar vegtengingu miðsvæðis og nýrrar íbúðarbyggðar, m.a. með hliðsjón af flóðahættu.

Hverfisvernd á hálendinu

Við framfylgd aðalskipulagsins þarf að vera skýrt til hvaða svæða hvert hverfisverndarsvæði tekur og samræmi sé milli umfjöllunar í greinargerð og afmörkunar svæðanna á skipulagsuppdráttum. Sem dæmi þá nær hverfisverndarsvæði HV3 til Grænafjallgarðs, Fögrufjalla og Langasjós skv. greinargerð en á uppdrætti er ekki afmörkuð hverfisvernd á Fögrufjöllum og Langasjó. Þá tekur hverfisverndarsvæði HV4 til Eldgjár og Lakagíga allt austur að Síðujökli en ekki er afmörkuð hverfisvernd um Lakagíga á uppdrætti og fram kemur í textanum að Lakagígar séu ekki hluti af hverfisverndarsvæðinu. Yfirfara þarf heiti og afmörkun allra hverfisverndarsvæða með hliðsjón af þessu. Sömu leiðis þarf að yfirfara auðkenni þeirra og þá einkum þeirra sem ná yfir stór svæði en skil svæðanna eru í sumum tilvikum óskýr þar sem mörg verndarsvæði skarast á hálendinu.

Til bóta væri að sýna hverfisverndarsvæði á skýringarupprætti. Bent er á að einfalda umfjöllun um hverfisverndarsvæði í tillögunni t.a.m. varðandi umfjöllun um svæðisskipulag miðhálandisins.

Vegaskrá

Minnt er á að hafa þarf samráð um gerð tillögu að vegaskránni við Umhverfisstofnun, Vegagerðina, Landmælingar Íslands, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Samtök ferðaþjónustunnar o.fl., sbr. 32. gr. laga um náttúruvernd og 2. gr. reglugerðar þar um nr. 260/2018. Einnig er tilefni til að vekja athygli náttúruverndarsamtaka á aðalskipulagsvinnunni. Senda þarf Vegagerðinni tillögu að stafrænni skrá til rýni til að tryggja gæði gagna.

Þegar um er að ræða vegi sem liggja innan friðlýstra svæða og þjóðgarða er vegaskráin háð samþykki Umhverfisstofnunar eða stjórnvalds viðkomandi þjóðgarðs. Í greinargerð þarf að fjalla um gerð vegaskrár og það samráð sem haft hefur verið við gerð hennar.

Vegaskránni þarf að skila á stafrænu formi samhliða afgreiðslu á aðalskipulagi til staðfestingar ásamt samþykki Umhverfisstofnunar eða stjórnvalds Vatnajökulsþjóðgarðs. Leiðbeiningar um gerð vegaskrár og högun og skil á gögnum er að finna á vef Skipulagsstofnunar.

Stafrænt skipulag

Auðkenna þarf alla landnotkunarreiti og takmarkanir á landnotkun (flákar, punktar og línur) í samræmi við gagnalýsingu Skipulagsstofnunar, bæði á útprentuðum upprætti og í stafrænni framsetningu, og gera samsvarandi grein fyrir svæðum og auðkennum þeirra í greinargerð.

Auk hefðbundinna skipulagsgagna þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi þegar sveitarfélagið leggur fram samþykkt aðalskipulag til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun. Gagnalýsingu og leiðbeiningar ásamt sniðmáti fyrir gerð stafræns aðalskipulags er að finna á vef Skipulagsstofnunar.

Skipulagsupprættir

Auðkenna þarf alla landnotkunarreiti á skipulagsupprættum svo ljóst sé hvaða skipulagsákvæði gilda um viðkomandi reit. Því er ekki nóg að sýna auðkenni á einum landnotkunarreit eigi það að ná til fleiri landnotkunarreita. Á þetta m.a. við um óbyggð svæði á láglandi sem sum hver eru mjög lítil. Yfirfara þarf þessi svæði með hliðsjón af stærð þeirra og afmarka þau með hringtákn líkt og gert er með aðra landnotkunarreiti og gefa þeim auðkenni og gera grein fyrir þeim í greinargerð svo sem stærð þeirra og skipulagsákvæðum sem um þau gilda.

Yfirfara þarf auðkenni landnotkunarreita og takmarkana á þeim á upprættum og í greinargerð m.t.t. samræmis. Tvö svæði eru auðkennd með AF2 á upprætti og VP15 kemur tvisvar fyrir í greinargerð. Þá eru tvö minjaverndarsvæði auðkennd með MV2a og MV2b sem á ekki við og samræmist ekki umfjöllun í greinargerð. Tvö varúðarsvæði eru auðkennd með VA3 á skipulagsupprætti og á skýringarmynd. Flugvöllur og lendingarstaður í Álftaveri eru án auðkenna og skipulagsákvæði vantar í greinargerð.

Yfirfara þarf lit allra landnotkunarreita og gæta að samræmi við skipulagsreglugerð. Þannig er reitur AF3 í Framgili og reitur S11 í Gröf með lit frístundabyggðar.

Hringtákn fyrir landnotkun eru hlutfallslega stór m.v. þá landnotkun sem afmörkuð er nánar á upprætti t.d. er 5,1 ha afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF2) við Laufskálavörðu afmarkað á upprætti en nálæg svæði sem táknúð eru með hringtákn virðast vera stærri.

Yfirfara þarf mörk landnotkunarreita t.a.m. á landbúnaðarsvæði við Efri-Steinsmýri og mörk skógræktarsvæðis og óbyggðs svæðis við Kúðafliót. Afmörkun reita sem mætast þarf að vera með þeim hætti að hvorki sé um að ræða skörun né bil.

Uppfæra þarf skýringarupprætti m.a. fyrir frístundabyggð.

Umfjöllun um minjar á bls. 135 og 136 í greinargerð ætti að vera sett fram með sama hætti og önnur minjasvæði þ.e. í töflu í greinargerð. Það sama á við um Bjarnargarð í Landbroti.

Aðrar ábendingar til lagfæringa

- Setja þarf ákvæði um lágmarks gólfkóta vegna flóða í Skaftá á svæði ÍB9 sunnan Klausturvegar í stað svæðis ÍB8.
- Tilgreina þarf áætlaðan hámarksfjölda íbúða á svæði ÍB10.
- Gera þarf grein fyrir fjölda gistirúma á svæðum VP9 og VP10 í Hrífunesi.
- Upplýsingar um efnismagn vantar á svæðum E20 og E43. Yfirfara þarf upplýsingar um efnismagn á sumum svæðunum.
- Skipulags- og byggingarlög eru fallin úr gildi.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga, þegar tekið hefur verið tillit til ofangreindra athugasemda og ábendinga. Að öðrum kosti ber sveitarstjórn að birta athugasemdir Skipulagsstofnunar með tillögunni á auglýsingatíma. Í auglýsingu skipulagstillögunnar skal þá koma fram að tillagan liggja frammi ásamt athugasemdum Skipulagsstofnunar við hana.

Guðrún Lára Sveinsdóttir

Guðrún Lára Sveinsdóttir